



**SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR**
Stofnað 1901

Heiðmörk þann 22. ágúst. 25

Efni: Umsögn Skógræktarfélags Reykjavíkur við drög að hvítbók um líffræðilega fjölbreytni

Skógræktarfélag Reykjavíkur fagnar því framtaki sem felst í vinnu við heildstæða stefnu um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni. Félagið hefur frá stofnun árið 1901 lagt áherslu á að efla gróður og skóg í nágrenni höfuðborgarinnar og skapa þannig grunn að fjölbreyttum vistkerfum, aukinni kolefnisbindingu og heilnæmu útivistarsvæði fyrir almenning. Reynslan af 75 ára uppbyggingu í Heiðmörk sýnir að markviss skógrækt getur á sama tíma styrkt líffræðilega fjölbreytni, endurheimt land og skapað samfélagsleg verðmæti.

1. Endurheimt vistkerfa (Leiðarljós B2)

Skógrækt hefur reynst ein áhrifaríkasta leiðin til að endurheimta hnignuð vistkerfi á Íslandi. Við landnám var landið að stórum hluta skógi vaxið, en í dag er skógarþekjan aðeins brot af því sem áður var. Með skipulagðri skógrækt hafa áður gróðurlítil svæði tekið breytingum, og þar skapast nú skjól og búsvæði fyrir fjölbreytt dýra- og plöntulíf. Þessi þróun styður við markmið stefnunnar um að endurheimta að minnsta kosti 30% raskaðra vistkerfa fyrir árið 2030.

2. Borgarskógar og lýðheilsa (markmið nr. 12)

Alþjóðleg markmið leggja áherslu á mikilvægi grænna og blárra svæða í borgum fyrir heilsu og vellíðan fólks. Á Íslandi er þörf á auknum gróðurbelti í og við þéttbýli. Heiðmörk, Austurheiðar og Esjuhlíðar eru dæmi um borgarskóga þar sem líffræðileg fjölbreytni, vatnsvernd, útivist og fræðsla renna saman. Rannsóknir sýna að skógar í nærumhverfi bæta loftgæði, draga úr mengun, styðja andlega og líkamlega heilsu og efla tengsl fólks við náttúruna.

3. Framandi tegundir og áskoranir (Leiðarljós D1)

Nauðsynlegt er að greina á milli ágengra framandi tegunda annars vegar og nytjategunda sem nýst hafa vel til jarðvegsverndar, kolefnisbindingar og sjálfbærrar timburframleiðslu hins vegar. Reynslan sýnir að innfluttar tegundir eins og stafafura og sitkagreni geta á

ákveðnum svæðum verið lykilþáttur í endurheimt lands og jafnvel skapað jarðvegsskilyrði sem auðvelda útbreiðslu innlendra tegunda. Þessi aðgreining þarf að koma skýrt fram í stefnumótun stjórnvalda.

4. Skógrækt og hringrásarhagkerfið (Leiðarljós E2)

Skógarafurðir eru mikilvægur þáttur í hringrásarhagkerfi framtíðarinnar. Timbur getur komið í stað stáls og steypu í byggingariðnaði, bundið kolefni í mannvirkjum til langs tíma og dregið úr innflutningi hráefna. Sem dæmi vinnur Skógræktarfélag Reykjavíkur að verkefninu Gæðafjalir með styrk frá Mannvirkjastofnun sem sýnir hvernig íslenskt timbur getur orðið hluti af sjálfbærri byggingarhefð. Félagið tekur jafnframt á mótí smíðanemum og veitir þeim tækifæri til að kynnast bæði vinnslu og nýtingu íslensks timburs í verki.

5. Þekking, fræðsla og rannsóknir (Leiðarljós F1–F3)

Fræðsla og rannsóknir eru mikilvægur þáttur í starfsemi Skógræktarfélags Reykjavíkur. Félagið tekur á mótí skólabörnum, námsmönnum og nemendum í iðnnámi og miðlar þannig beinni reynslu af skógrækt og timburnýtingu. Í samstarfi við Trjáræktarklúbbinn er unnið að stofnun arboretum í Esjuhlíðum, sem mun nýtast til rannsókna, fræðslu og útivistar. Slík verkefni efla þekkingu, auka þátttöku almennings og styrkja tengsl milli samfélags og náttúru.

Samantekt

Skógræktarfélag Reykjavíkur styður heildarsýn hvítbókarinnar um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni og leggur áherslu á að skógrækt verði viðurkennd sem lykilaðgerð við endurheimt vistkerfa og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni.

Fyrir hönd Skógræktarfélag Reykjavíkur

Jóhannes Benediktsson, stjórnarformaður Skógræktarfélags Reykjavíkur

Auður Kjartansdóttir, framkvæmdarstjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur